

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 –10
150 Reykjavík

Reykjavík 18 nóvember 2003

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um raforkukostnað fyrirtækja.

Samorku hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um raforkukostnað fyrirtækja, flutningsmenn Kristján Möller og Sigurjón Þórðarson.


Orkufyrirtæki á Íslandi, sem selja raforku í smásölu, eru átta talsins. Eins og réttilega kemur fram í greinargerð með tillögunni er nokkur munur milli gjaldskráa fyrirtækjanna. Raforkuverð endurspeglar tilkostnað vegna öflunar, flutnings, dreifingar og sölu. Kostnaður getur verið nokkuð mismunandi, eftir aðstæðum á hverjum stað og því ekki óeðlilegt að verð sé mismunandi.

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003, sem tóku gildi 1. júlí s.l. mun opnað fyrir samkeppni á raforkumarkaði. Þessari samkeppni eru þó settar ákveðnar skorður þegar kemur að flutningi og dreifingu, þar sem opinber eftirlitsaðili gegnir eftirlitshlutverki með gjaldskrá.

Samorka telur ekki ástæðu til þess að kanna sérstaklega útreikninga gjaldskráa, þær eru opinberar og aðgangur að einstaka gjaldskrárflokkum öllum opin án mismununar.

Hvort mismunandi raforkuverð skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja í landinu er væntanlega hægt að svara á einfaldan hátt, án þess að skipa um það sérstaka þingnefnd.

Með Bestu kveðju
F.h. Samorku



Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri